



Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Hvað hafa nemendur tekið sér fyrir hendur fimm árum eftir útskrift?



Í síðustu úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á skólanum komu fram ábendingar um að skólinn mætti með markvissari hætti fylgjast með frekara námsgengi þeirra nemanda sem hafa útskrifast frá skólanum. Þetta hefur vissulega alla tíð verið gert m.a. með umræðum á kaffistofu og göngum svo og hafa jákvæðar fréttir og blaðagreinar eftir fyrrverandi nemendur gjarnan verið hengdar upp á töflu á bókasafni skólans. Einnig hefur fyrrverandi nemendum verið boðið í skólann til að halda fyrirlestra og kynningar fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Sömuleiðis hefur skólinn reynt að styrkja tengsl við fyrrverandi nemendur (og starfsmenn) með því að bjóða 10, 20 og 25 ára afmælisárgöngum í teiti á útskriftardag vorannar. Þar hefur að sjálfsögðu borið á góma hvað nemendur hafa tekið sér fyrir hendur eftir útskrift og margt fróðlegt komið í ljós.

Á þessari önn var ákveðið að byrja að vinna skipulega að því að kanna námsgengi útskrifaðra nema með því að senda út spurningakönnun. Úrtak könnunarinnar var hópur nemenda sem útskrifuðust með stúdentspróf á vorönn 2017. Þetta voru 75 nemendur og var sendur póstur á þau netföng sem er að finna í INNU. Í póstinum var slóð á spurningalista þar sem nemendur voru spurðir um hvort þeir hefðu farið á nám og hvernig grunnur þeirra úr FÁ hefði reynst þeim. Spurningalistinn og úrvinnsla hans var gerð í forritinu „Survey Sparrow“ sem skólinn hefur keypt til að nota við slíkar kannanir.

Sem fyrr segir var spurningalistinn sendur 75 nemendum og í ljós kom að netfangalistinn var nokkuð áreiðanlegur því fáar meldingar bárust þess efnis að ekki væri hægt að afhenda póstinn. Alls opnuðu 56 fyrrverandi nemendur úrtaksins spurningalistann eða 75% en aðeins 35 eða 47% svöruðu könnuninni. Hér á eftir fara svörin, flest þeirra sett myndrænt fram til að auka læsileika.


Hafa ber í huga að eingöngu minni hluti úrtaksins svaraði könnuninni þ.e. svörun nær ekki til 50% þeirra sem fengu hana senda. Í framhaldinu má velta því fyrir sé hvaða hópur úrtaksins það er sem ákvað að svara? Eru það ef til vill helst þeir sem finnast þeir hafa náð árangri eða hafa frá einhverju að segja eða er það eitthvað annað sem ræður. Loks má velta fyrir sér hvort vænlegra sé að ná í nemendur í síma eða hugsanlega setja á stofn rýnihópa þegar næst verður gerð könnun af þessu tagi.

Spurning 1

Hefurðu farið í nám á háskólastigi eftir útskrift úr FÁ?

Já ég hef lokið háskólanámi	8	23%
Já ég er í háskólanámi	15	43%
Já, en ég er í pásu frá háskólanámi	1	3%
Já, ég byrjaði í háskólanámi en hætti	1	3%
Nei, en ég stefni á að fara í háskólanám	5	14%
Nei, ætla ekki í háskólanám	2	6%
Veit ekki / vil ekki svara	3	9%

Hér er áberandi hve margir hafa lokið háskólanámi og alls eru það 69% svarenda sem annað hvort hafa lokið eða eru í háskólanámi.




Þetta háa hlutfall sem stundar eða hefur lagt stund á háskólanám vekur upp þá spurningu hvort að þeir sem ekki svöruðu hafi minni þörf til að taka þátt og finnst þeim ekki hafa frá neinu að segja.

Spurning 2

Ef þú ert eða hefur verið í háskólanámi, hvernig fannst þér þú vera undirbúin(n) samanborið við aðra nemendur?

Illla miðað við aðra	1	3%
Svipað og aðrir	20	59%
Betur en aðrir	4	12%
Veit ekki / vil ekki svara	9	26%

Hér er þrátt fyrir allt gott að sjá einungis einn nemandi segir að undirbúningur hédan hafi verið verri en annarra. Reyndar er líka vert að benda á að 26% segja að þeir viti ekki svarið eða vilji ekki tjá sig enda erfitt bæði að leggja mat á eigin undirbúning og sennilega heldur ekki létt að ætla að bera hann saman við undirbúning annarra.



Spurning 3

Því næst kom spurning um annað nám en háskólanám og einungis 17% svaranda svarar þeirri spurningu játandi.



Í framhaldinu (sp. 4) var spurt nánar um nám viðkomandi og sem dæmi má nefna að einn hafði lokið atvinnuflugnámi, annar jógakennaranámi, aðrir höfðu m.a lokið námi í tónlist, leiðtogafræðum, námi í lýðháskóla, sjúkraliðanámi, námi til aukinna ökuréttinda og námi í tölvuleikjahönnun. (Sumir höfðu lagt stund á fleiri en eina tegund náms).

Aðspurðir í framhaldinu um hvernig námið í FÁ hefði gagnast (sp.5) svöruðu nemendur nánast eins og þeir sem höfðu farið í háskólanám; flestir (65%) töldu undirbúning sinn svipaðan og annarra nemenda í sama námi. Aftur var það þó einn nemandi sem taldi sig verr undirbúinn en aðra í sama námi.

Spurning 6

Næst var spurt um nemendur og vinnumarkaðinn. Flestir höfðu verið á vinnumarkaði eða 83% svarenda.



Þessari spurningu var svo fylgt eftir með svipaðri spurningu og áður er varðar undirbúning en að þessu sinni var ekki miðað við aðra heldur einfaldlega spurt: Ef svarið við fyrri spurningu var já, hvernig finnst þér menntun þín í FÁ hafa nýst þér á vinnumarkaði? (Sp. 7)



Hér svöruðu 50% mjög/nokkuð vel á meðan aðrir tóku ekki afstöðu eða völdu að svara ekki.

Spurning 8

Loks var spurt um hversu líklegt væri að svarendur gætu mælt með FÁ við aðra. Hér merktu þátttakendur við á skala frá 1 til 10 þar 1 er mjög ólíklegt og 10 mjög líklegt:



Ríflega 70% þátttakenda merktu á skalanum við töluna átta eða hærra. Það má því leiða líkur að því að sá hópur mæli sterklega með skólanum í sínu nærumhverfi þó vissulega geti ótal margir hlutir þegar haft áhrif þegar spurt er ráða við val á framhaldsskóla.

Í lok könnunarinnar var loks ein opin spurning þar sem einfaldlega var spurt: Er eitthvað sem þú vilt segja okkur að lokum? Sýnishorn fara hér á eftir:

„Þið eruð frábær“, „Bara takk fyrir að hafa tekið við mér og leyft mér að klára stúdentinn“, „Frábær skóli og kennarar“, „Takk fyrir mig og fjölbreytileikann“ „Ég er mjög sáttur við að hafa ekki komist inn í menntaskólana sem ég sótti um. Ég fann mig mjög vel í þessu opna umhverfi sem boðið var uppá í fjölbrautarkerfi skólans“ og einn skrifaði langa ritgerð á ensku: „Highschool education is practically the same everywhere in Iceland, even though some people like to think certain schools are prestigious. So for me the best thing about FÁ was not the education which is the same. But the amount of understanding the staff has

towards their students and their student's situations. I hope the focus remains on understanding in FÁ. I would like to thank the staff for giving me opportunity when I didn't think i deserved them..."

Forritið tekur út orð af handahófi úr slíkum opnum svörum og gerir mynd sem í þessu tilfalli lítur svona út:



Ekki er hægt annað en að una vel við og vona að þessi mynd lýsi viðhorfi fleiri útskriftarnema þó hér sé einungis byggt á lítilli svörun úr litlu úrtaki.